

Raforkueftirlitið og sveitarfélögin



Raforkueftirlitið

Þróun raforkukostnaðar og áhrif á notendur



Aðgerðir raforkueftirlitsins

- Tryggja aukið gagnsæi
- Skilvirknisgreining á dreifiveitum og flutningsfyrirtækinu
- Efla eftirlit Raforkueftirlitsins með fjárfestingum, kostnaðar – og ábatamat.
- Tryggja hvatar í gjaldskrár verði innleiddir
- Afhendingaröryggi endurspeglit í gjaldskrá



Raunverulegar hækkanir 2020–2025

+14%

Dreifikostnaður

Hækkun á dreifikostnaði
dæmigerðs heimilis á föstu
verðlagi

+52%

Dreifikostnaður

Hækkun á
dreifikostnaði dæmigerðs
heimilis á verðlagi hvers árs

+21%

Flutningskostnaður

Hækkun á flutningskostnaði
dæmigerðs heimilis á föstu
verðlagi

+61%

Flutningskostnaður

Hækkun á flutningskostnaði
dæmigerðs heimilis
á verðlagi hvers árs



Hvers vegna hefur kostnaður hækkað?



Mikill hluti dreifikerfis lagður í jörð

- Hærri kostnaður, en aukið afhendingaröryggi og minni áhrif á umhverfi.



Fjárfestingar vegna þrífösunar

- Leysa af hólmi einfasa kerfi sem takmarkar flutningsgetu kerfis og hve öflugan rafbúnað er hægt að nota á hverjum og einum stað.
- Mikilvægt út frá orkuskiptum, byggðarsjónarmiðum og atvinnutækifærum



Orkuskipti og aukin eftirspurn

- Aukin fjárfestingarþörf vegna orkuskipta




Fjárfestingar til að tryggja orkuöryggi

- Fjárfest hefur verið í styrkingu kerfisins til að draga úr flutningstakmörkunum.



Gjaldskrárþróun í dreifbýli og þéttbýli



Orkuskipti og aukin raforkuþörf

~40%

aukning á afhendingu
rafmagns til ársins 2040
skv. spám Landsnets



Rafbílar og hleðsluinnviði

Gert er ráð fyrir 150.000–200.000 rafbílum árið 2040 – stór hluti á heimahleðslu.



Varmadælur

Olíu- og gasofnum verður skipt út – hvert heimili bætir 3–5 MWh/ári.



Aukin orkuþörf vegna nýrra atvinnuuppbyggingarkosta og auknar kröfur um áfallaþol, netöryggi og rekstraröryggi raforkukerfisins



Kröfur um að dreifiveitur samþætti nýja framleiðslu og nýtt álag á sem hagkvæmastan hátt og skoði hvort aðrar lausnir en kostnaðarsamar fjárfestingar geti dugað til að ná settu markmiði.



Áhrif sveitarfélaga



Skipulagsvald

- Sveitarfélög fara með skipulagsvald á sínu svæði og staðfesta staðsetningu jarðstrengja og dreifikerfistenginga í deiliskipulagi. Slíkar valdheimildir veita sveitarfélögum svigrúm til að móta og hafa áhrif á framkvæmdir og uppbyggingu dreifiveitna.



Áhrif í gegnum eignarhald

- Margar dreifiveitur eru í eigu sveitarfélaga eða hlutafélaga þar sem sveitarfélög eru hluthafar.
- Það eignarhald veitir sveitarfélögum tækifæri til að hafa bein áhrif á rekstur og fjárfestingar veitnanna



Önnur áhrif

- Sveitarfélög stórir notendur
- Val á staðsetningu hleðsluinnviða
- Samhæfing framkvæmda td. við þéttingu byggða
- Nýting á sveigjanleika í rekstri



Hvernig getum við gert betur?



Kostnaðarmat og fjárhagsáætlanir

Skýrari kröfur um kostnaðar- og ábatamat áður en stórar fjárfestingar fara inn í tekjugrunn. Samanburður á hefðbundinni netfjárfestingu og öðrum raunhæfum valkostum, þ.á.m. orkugeymslur, eftirspurnarstýringu og sveigjanlega tengisamninga.



Breyting á gjaldskrá

Gjaldskrár verða að endurspegla betur raunverulegan kostnað og skapa skýra hvata.



Meira gagnsæi

Nýtt mælaborð og sjálfvirkari gagnaöflun hjá Raforkueftirlitinu gefa tækifæri til tíðari greininga og betri samanburðar. Ítarlegar og góðar greiningar eru forsenda öflugs eftirlits.



Styrking á tengslum fjárfestingaeftirlits og gæðaeftirlits

Auka eftirlit með vali á framkvæmdum og forsendum framkvæmda. Ekki nóg að halda kostnaði niðri, verður líka að tryggja afhendingaröryggi, gæði þjónustu og áfallapol kerfisins.



Sjálfnotendur og orkusamfélög

Evrópulöggjöf og breytingar

RED II- Tilskipun ESB 2018/2001

Sjálfnotendur
Orkusamfélög

Tækifæri fyrir samfélög sem búa við
ófullnægjandi afhendingaröryggi raforku

Hlutverk Raforkueftirlitsins

Ný tækifæri: sjálfsnotkun og orkusamfélög

- Aukin þátttaka samfélagsins í orkuskiptum.
- Aukin staðbundin framleiðsla á endurnýjanlegri orku
- Ávinningur neytenda: getur bætt hag neytenda og jafnvel létt álagi af kerfinu ef vel er að málum staðið.
- Tryggja þarf að orkusamfélög og sjálfsnotendur taki áfram þátt í rekstri sameiginlegra innviða, svo kostnaður veltist ekki yfir á aðra notendur með tilheyrandi gjaldskrárhækkunum

Hlutverk Raforkueftirlitsins á tímum breytinga

- Neytendavernd- verja neytendur gegn óþarfa kostnaði
- Aðhald með fjárfestingum
- Styðja orkuskipti án þess að veikja kerfið
- Skapa rými fyrir nýjar lausnir eins og orkusamfélög, geymslur, sjálfsnotkun en tryggja jafnframt sanngjarna kostnaðarskiptingu.



Að lokum



Því miður er engin töfralausn. Hækkandi raforkukostnaði verður ekki mætt með einni einfaldri aðgerð. En það má draga úr kostnaðarþrýstingi með bættum reglum og með því að tryggja að ákvarðanir um fjárfestingar séu vel ígrundaðar og byggja á heildstæðu mati á ólíkum valkostum og sjónarmiðum.



Stóra verkefnið er að móta umhverfi þar sem sameiginlegur kostnaður dreifist með sanngjörnum hætti, fjárfest er af skynsemi og samkeppni blómstrar



Þetta er gríðarlega mikilvægt verkefni fyrir samfélagið allt og samstarf við sveitarfélög er grundvallarforsenda þess að þetta takist.

